



Borgarráð

Erindisbréf - Starfshópur vegna skipulags Landspítala, annars áfanga

Hjálagt erindisbréf starfshóps vegna skipulags Landspítala, annars áfanga eru lögð fram til kynningar.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf – Starfshópur vegna skipulags Landspítala, annars áfanga, ódags. .

ERINDISBRÉF

Starfshópur vegna skipulags Landspítala, annars áfanga

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjóri

Inngangur:

Á fundi borgarráðs þann 21. september 2023 var samþykkt tillaga borgarstjóra um að umhverfis- og skipulagssviði verði falið að hefja undirbúning að endurskoðun deiliskipulags annars áfanga nýs Landspítala og finna framtíðarhúsnæði geðþjónustu Landspítala stað. Þá var samþykkt að skipaður verði hópur sem haldi á skipulags- og samgönguþætti verkefnisins, auk borgarhönnunar, en einnig skilgreindir tengiliðir frá eignaskrifstofu, vegna fjárfestingarluta, og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara vegna eldri samninga og hugsanlegrar samningagerðar þessu tengt.

Líkt og skýrsla um fyrsta áfanga í byggingu nýs Landspítala ber með sér er uppbygging nýs Landspítala við Hringbraut mjög öflug og umfangsmikil um þessar mundir. Til næstu ára munu framkvæmdir herða taktinn enn frekar. Fyrir á þessu ári var jafnframt ákveðið að hefja undirbúning annars áfanga uppbyggingarinnar á vettvangi stýrihóps um uppbygginguna og NLSH. Ákveðið hefur verið að ráðast í rýniverkefni, unnið með fremstu sérfræðingum í skipulagi sjúkrahúsa, við endurmat annars áfanga og sviðsmyndir við uppbyggingu húsnæðis í ljósi breyttra þarfa lagðar fram.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að leiða vinnu við breytingar á núverandi deiliskipulagi Landspítala. Taka þarf ákvarðanir varðandi annan áfanga verkefnisins út frá þörfum samfélagsins til framtíðar og heilbrigðiskerfinu í heild. Skoða þarf eldri byggingar og staðsetningu nýbygginga innan sem utan lóðar Landspítalans við Hringbraut, þar sem við á. Eðlilegur hluti af skipulagsvinnunni er að uppfæra bílastæðamat og útfærslu bílastæða fyrir heildaruppbygginguna, m.a. í ljósi tilkomu Borgarlínu og öflugrar uppbyggingu í þágu virkra ferðamáta.

Jafnframt er unnið að frumhönnun og útfærslu á Miklubrautarstokki sem gæti einnig verið útfærður sem jarðgöng. Hugmyndir um skipulag á yfirborði liggja fyrir eftir hugmyndaleit. Þær geta skapað tækifæri til að hugsa betri og eðlilegri tengsl á austurhluta spítalasvæðisins við Snorrabraut og svæðið sem verður til ofan á stokknum/gangnamunna. Heildarskipulag svæðisins þarf því að hugsa í samhengi. Þá hefur verið unnin framtíðarsýn og greiningarvinna varðandi framtíðar húsnæði geðþjónustu spítalans þar sem staðsetning í nálægð við meðferðarkjarna er fyrsti kostur. Á grundvelli þarfagreiningar heilbrigðisráðuneytisins og stýrihóps NLSH þarf að rýna hvernig þeim megi mæta á þeim svæðum sem til ráðstöfunar eru við Hringbraut. Einnig þarf að meta hvort gera þurfi ráð fyrir frekari uppbyggingu spítalastarfsemi á framtíðarbyggingarlandi í Vatnsmýri eða annars staðar.

Helstu verkefni:

- Leiða vinnu við breytingar á núverandi deiliskipulagi Landspítala við Hringbraut
- Skoða eldri byggingar og staðsetningu nýbygginga innan sem utan lóðar Landspítala við Hringbraut
- Uppfæra bílastæðamat og útfærslu bílastæða
- Koma með tillögu að staðsetningu á húsnæði fyrir geðþjónustu spítalans

Starfshópin skipa:

Fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs, formaður

Fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs, samgönguverkfræðingur

Fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs, borgarhönnun.

Fulltrúi eignaskrifstofu, vegna fjárfestingarluta

Fulltrúi skrifstofu borgarstjóra og borgarritar vegna eldri samninga og hugsanlegrar samningagerðar þessu tengt.

Starfsmaður starfshópsins:

Starfsmaður kemur frá umhverfis- og skipulagssviði

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leitar ráðgjafar innan sem utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstími:

Starfshópurinn starfar þar til deiliskipulag hefur verið endurskoðað.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri